



## Umsögn

**Efni:** Erindi Söngskóla Sigurðar Demetz  
**Viðtakandi:** Borgarráð  
**Sendandi:** Fjármálastjóri

Fyrir borgarráði liggur erindi Söngskóla Sigurðar Demetz dags. 25.10.2017 um aukið kennslumagn og framlag til skólans og felur tillagan í sér um 25% aukningu framlagsins.

Fjármálaskrifstofa lítur svo á að við ákvörðun um ráðstöfun fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs vegna ársins 2018 hafi verið forgangsraðað og horft til mikilvægustu verkefna borgarinnar í þeim málaflokkum sem heyra undir sviðið. Tekið var sérstakt tillit óska fagráðsins og sviðsins við endanlega afgreiðslu fjárhagsáætlunar og brugðist við óskum um viðbótarfjármagn. Ofangreint erindi eða aukin fjárframlög vegna tónlistarskóla umfram það sem er í samþykktri fjárhagsáætlun var ekki á forgangslista vegna fjárhagsáætlunar 2018.

Taka má undir með umsögn sviðsstjóra SFS að þörf sé á stefnumörkun til framtíðar hvað varðar kennslumagn í borginni í tónlist og dreifingu þess.

Fjármálaskrifstofa telur þess vegna ekki tilefni til að endurskoða samþykktu fjárhagsáætlun og verða við þessu erindi.

Birgir Björn Sigurjónsson,  
fjármálastjóri